

Rétti dóttur sinni tóman disk og tannkremstúpu til að kenna henni magnaða lexíu

Það læra börnin sem fyrir þeim er haft og þessum magnaða boðskap mun dóttir Amy Beth Gardner aldrei gleyma. Í haust byrjar hún í gagnfræðaskóla og foreldrnir hafa lagt sig fram við að undirbúa hana vel. Hún hefur fengið ný föt, flottan bakpoka og síðast en ekki síst hefur hún lært mikilvæga lexíu.

Til að kenna dóttur sinni sitt hvað um samskipti rétti Amy henni tóman disk og tannkremstúpu. Hún sagði henni að sprauta öllu tannkreminu úr túpunni á diskinn. Að því loknu bað hún dóttur sína að setja tannkremið aftur í túpuna.

„Ég get það ekki,“ svaraði stúlkan. Í færslu sem fengið hefur vel yfir hálf milljón deilinga á Facebook útskýrir Amy hvað hún sagði dóttur sinni í kjölfarið.

Þú átt eftir að muna eftir þessari tannkremsklessu allt þitt líf. Orðin þín geta verið upp á líf eða dauða. Þegar þú byrjar í gagnfræðaskóla muntu komast að því hversu kraftmikil orðin þín geta verið. Þú munt fá tækifæri til þess að nota orð þín til að móðga, niðurlægja og særa aðra. Þú munt líka fá tækifæri til að nota orðin þín til að hjálpa, hvetja og hugga aðra.

Þú munt taka ranga ákvörðun af og til; ég get rifjað upp þrjú skipti í þessari viku sem ég hef verið kærulaus með orðin mín og sært einhvern. Alveg eins og tannkremið úr túpunni er ekki hægt að taka orðin til baka þegar þau hafa verið sögð. Notaðu þau varlega.

Á meðan aðrir misnota orðin sín skaltu standa vörð um þín eigin. Taktu þá ákvörðun á hverjum morgni að láta hvetjandi orð út úr þér. Taktu ákvörðun í kvöld um að vera hvetjandi í skólanum. Vertu þekkt fyrir góðmennsku og samúð.

Beittu þér fyrir því að bæta þennan heim sem þarf alvarlega á því að halda. Þú munt aldrei nokkurn tíma sjá eftir því að kjósa góðmennsku.“

<http://bleikt.pressan.is/lesa/retti-dottur-sinni-toman-disk-og-tannkremstupu-til-ad-kenna-henni-magnada-lexiu/>